

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2020
UST201912-095/A.B.G.
04.05

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun

Umhverfisstofnun vísar til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, 435. mál.

Umhverfisstofnun bendir á að í gildi eru lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna Vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun vinnur nú að Vatnaáætlun í samvinnu og samráði við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila og er áætlað að áætlunin verði komin í opinbera kynningu árið 2021 og taki gildi í byrjun árs 2022. Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í Vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun hefur eftirfarandi ábendingar við samgönguáætlun eins og hún birtist í tillögum:

Í lið 1.1. um samþættingu áætlana, ætti einnig að vísa til laga um stjórn vatnamála og samþættingu samgönguáætlunar og Vatnaáætlunar.

Í lið 2.4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur leggur Umhverfisstofnun til að í eftirfarandi lið undir *Staðbundin og svæðisbundin umhverfisáhrif, Almennar áherslur liður 2.4.4* komi:

„Framkvæmd samgönguáætlunar verði í fullu samræmi við Vatnaáætlun“.

Í kaflanum **Stækkunaráform á Keflavíkurflugvelli** verði texti um að Keflavíkurflugvöllur verði til fyrirmyndar í umhverfisvænum rekstri og komi m.a. hið fyrsta upp lokuðu kerfi til að fanga mengunefni frá flugvellinum svo sem afisingarefni. Umhverfisstofnun bendir á að grunnvatnshlotið Rosmhvalanes IS104-115-G sem er að finna undir flugvellinum er flokkað í hættu á að ná umhverfismarkmiðum sínum og því þarf að ráðast í aðgerðir til að koma vatnshlotinu í gott ástand.

Umhverfisstofnun leggur til að bætt verði við nýjum liðum í eftirfarandi kafla: **4.4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.**

10. Unnið verði í samræmi við þá stefnumótun stjórnvalda sem felst í Vatnaáætlun og aðgerðaáætlun í vatnamálum.

11. Unnin verði áhættugreining á rekstri flugvallarins m.t.t. hættu á mengun grunnvatns á flugvallarsvæðinu og komið verði upp lokuðu afisingakerfi fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli.


12. Gert verði áhættumat á líkindum þess að moskítóflugur geti borist til landsins með flugvélum í millilandaflugi og á lífsmöguleikum þeirra og möguleikum til að fjölga sér í nágrenni flugvalla og í íslenskri náttúru.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun á þessu stigi máls.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Verkefnisstjóri vatnamála



Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri